**190. fundur íþrótta- og tómstundanefndar**
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 21. nóvember 2018 og hófst hann kl. 08:10.**

**Fundinn sátu:**
Elísabet Samúelsdóttir formaður, Sif Huld Albertsdóttir varaformaður, Aron Guðmundsson aðalmaður, Karen Gísladóttir aðalmaður og Anton Helgi Guðjónsson aðalmaður.

**Embættismenn:**
Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

**Dagskrá:**

1. **Frístundarúta - 2016090101**

   Lögð fram bókun frá fulltrúum í íþrótta- og tómstundanefnd.

   *„Fulltrúar í Íþrótta og tómstundanefnd leggja til við bæjarstjórn að hægt verði að sækja um sérstakan akstursstyrk til móts við kostnað vegna aksturs barna frá Dýrafirði, Önundarfirði og Súgandafirði í íþrótta- og tómstundaiðkun. Jafnframt leggja fulltrúar flokkanna til við bæjarstjórn að farið verði í heildstæða endurskipulagningu á almenningssamgöngum í Ísafjarðarbæ, aksturstyrkur væri því tímabundin lausn uns heildstæðu kerfi verður komið á.“*

2. **Fjárhagsáætlun 2019 - 2018030083**

   Rætt um drög að gjaldskrá skíðasvæðis 2019.

   *Nefndin leggur til við bæjarstjórn minniháttar breytingar á drögum á gjaldskrá skíðasvæðis. Starfsmanni falið að koma breytingunum áfram en þær snúa að námundun að næsta hundraði á dagpössum.*

**<u>Gestir</u>**

Hlynur Kristinsson - 08:30

3. **Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar 2018 - 2018110060**

   Rætt um dagsetningu á útnefningu á íþróttamanni Ísafjarðarbæjar 2018.

   *Nefndin samþykkir að athöfnin fari fram 30. desember 2018 kl. 16. Jafnframt verði breyting á 3. grein í reglum um val á íþróttamanni Ísafjarðarbæjar, og verði hún eftirfarandi: Í desember ár hvert afhendir bæjarstjórn þeim einstaklingi, sem valinn er íþróttamaður ársins í Ísafjarðarbæ fyrir árið sem er að líða, viðurkenningu í samræmi við reglur þessar.*
   *Á viðurkenninguna skal ritað nafn hins útnefnda íþróttamanns, viðeigandi ártal og*

*skal verðlaunagripurinn vera í vörslu hans það ár sem hann hefur verið valinn. Íþróttamanni ársins er jafnframt veitt viðurkenning til eignar.*

**4. Endurskoðun íþrótta- og tómstundastefnu haust 2016 - 2016110023**

Unnið að endurskoðun íþrótta- og tómstundastefnu.

*Málinu frestað til næsta fundar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:45**

| | |
|---|---|
| Elísabet Samúelsdóttir | Sif Huld Albertsdóttir |
| Aron Guðmundsson | Karen Gísladóttir |
| Anton Helgi Guðjónsson | Margrét Halldórsdóttir |